



Skýrsla fjáröflunar, fastasjóðs og styrkjanefndarinnar á umdæmisþingi 2014

Starfsárið 2013-2014 skipuðu eftirtaldir Rótaryfélagar fjáröflunar- fastasjóðs- og styrkjanefnd umdæmisins: Birna Bjarnadóttir, formaður, Rótaryklúbbum Borgir, Kópavogi, Finnur Sveinbjörnsson, Rkl. Reykjavík Miðborg, Eiríkur Örn Arnarson, Rkl. Reykjavík Miðborg, Gunnar Þórðarson, Rkl. Ísafjarðar og Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Rkl Garðabæjar.

Verkefni

Nefndin hafði þau verkefni að fylgjast með fjáröflun á vegum hreyfingarinnar innanlands, framlögum Rótaryklúbba og Rótaryfélaga í hina ýmsu sjóði á vegum Rótary og styrkveitingum úr þessum sjóðum.

Störf nefndarinnar

Störf nefndarinnar fólust einkum í verkefnum formanns sem ARRFC eða aðstoðarmaður formanns Rótarysjóðsins á svæði 16 til 1. júlí sl. einkum í þátttöku á námskeiðum á vegum Alþjóða Rótarysjóðsins og fundum á svæði 16 sem einkum beindust að þeim breytingum sem hafa orðið á Rótarysjóðnum 1. júlí 2013.

Formaður kynnti þær breytingar á umdæmisþingi 2013 og á forseta- og ritarafræðslumótum 2014. Ennfremur var forsetum og riturunum sent erindi í sl vor til að minna á greiðslur í Rótary sjóðinn.

Formaður heimsótti 3 Rótaryklúbba sem höfðu lagt mest fé íslenskra klúbba í Árlega sjóðinn að teknu tilliti til fjölda félaga en það voru Rótaryklúbbar Keflavíkur, Mosfellsbæjar og Hafnarfjarðar. Voru þeim afhent viðurkenningar frá alheimsstjórn Rótarysjóðsins. Tveir Rótaryfélagar í Rótaryklúbbi Hafnarfjarðar lögðu fé til Rótarysjóðsins í tilefni 50 ára félagsaðild og veitti formaður þeim viðurkenningu frá Rótarysjóðnum.

Lokaorð

Rótaryhreyfingin á Íslandi hefur á lagt áherslu á framlög í Polío Plus sjóðinn og á þann hátt tekið virkan þátt ásamt öðrum alheimssamtökum að útrýma lómunarveikinni. Það verkefni er enn mikilvægt.

Rótary á Íslandi hefur hins vegar ástæðu til að leggja áherslu á framlög í Friðarsjóðinn þar sem fleiri styrkþegar tilnefndir frá Íslandi hafi hlotið styrk til náms í friðarfræðum á háskólastigi en frá nokkru öðru landi.

Það er mikilvægt að Rótaryhreyfingin á Íslandi leggi áherslu á framlög í Rótarysjóðinn í starfi allra Rótaryklúbba og að sérhver Rótaryfélagi taki þátt með framlögum í einn eða fleiri af þeim fjóru sjóðum sem heyra undir Rótarysjóðinn.

Kópavogi, 29. september 2014,

*f.h. fjáröflunar-, fastasjóðs og styrkjanefndar
Rótary umdæmisins á Íslandi 2013-2014*

Birna Bjarnadóttir, formaður.